

**REGLUGERÐ****um vitagjald.****1. gr.**

Fyrir hvert skip, sem er 10 rúmlestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið út frá landinu, skal greiða vitagjald kr. 2.00 af hverri brúttórúmlest, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða kr. 0.30 í vitagjald af hverri rúmlest.

**2. gr.**

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

**3. gr.**

Vitagjald skal greiða einu sinni á ári, þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða vitagjald við hverja komu til landsins, sem svarar til 1/5 hluta af almenna vitagjaldinu, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Gjaldið skal greiða í fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land.

**4. gr.**

Vitagjaldi er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

**5. gr.**

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni vitagjalds dagbók skipsins.

**6. gr.**

Vitagjald samkvæmt ofangreindu greiðist aðeins 1981 af þeim skipum, sem ekki hafa verið greidd fyrir lögskilin vitagjöld samkvæmt lögum nr. 61/1972, um vitagjald, við útgáfu reglugerðar þessarar.

**7. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 18. ágúst 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*